

VEGVÍSIR

UM HAGNÝTINGU GAGNADRIFINNA OG SNJALLRA LAUSNA

Vegvísir setur af stað markvisst og upplýst samtal um hagnýtingu gagnadrifinna og snjallra lausna í starfsemi og er kjarni málsins settur fram í stefnu og aðgerðaáætlun um hagnýtingu tækninnar.

UM VERKEFNIÐ

Rýnum í umhverfið, markaðinn og fyrirtækið sjálft þar til við komumst að kjarna málsins og getum svarað eftirfarandi spurningunum af öryggi:

- Hvernig ætlar fyrirtækið að hagnýta gagnadrifnar lausnir í starfsemi?
- Hvernig nær fyrirtækið markmiðum sínum á þessu sviði?

Leiðarljósið er að **stefnan þarf að styðja við innleiðingu tækninnar og tæknin að styðja við stefnuna.**

Í verkefninu er varpað ljósi á tækifærin og áskoranirnar sem felast í hagnýtingu gagna og **gervigreindarlausna** í starfsemi. Mat á tæknilegri getu, innviðum og þekkingu til að hagnýta tæknina fer fram. Einnig kortlagning og forgangsroðun aðgerða sem fyrirtækið getur ráðist í til að hagnýta tæknina með skynsamlegum hætti til að auka samkeppnishæfni.

Afurð verkefnisins er stefna og aðgerðaáætlun til 1-2 ára um hagnýtingu gagna og snjallra lausna í starfsemi.



FRAMVINDA Í FJÓRUM SKREFUM

Vegvísir skiptist í fjögur skref sem eru mótuð og unnin í **samstarfi við stýrihóp.**

1. Fræðsla

Fræðslufyrirlestur um gagnadrifnar lausnir og gervigreind fyrir þátttakendur verkefnisins og aðra starfsmenn. Brynjólfur Borgar stofnandi DataLab flytur erindi um hagnýtingu gagna og gervigreindar og verkefnið framundan. Tilgangurinn er að tryggja að allir þátttakendur hafi skilning á viðfangsefninu, heyra þeirra hugmyndir og sjónarmið og að veita þeim tækifæri til að hafa áhrif á næstu skref. Lögð er áhersla á að tengja efnistöð við innra og ytra umhverfi fyrirtækisins og íslenskan veruleika. Fyrirlesturinn á að höfða til fólks með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu svo hægt sé að sækja hugmyndir og tillögur sem viðast.

2. **Samtöl:** Um 10 samtöl við 1-2 starfsmenn á hverju sviði. Meðal umfjöllunarefnis má nefna:

- a) Þróun umhverfis og markaðar, áherslur og lykilverkefni.
- b) Gögn, tæknileg geta og þekking. Tæknilegir innviðir.

- c) Reynsla af innleiðingu tækninýjunga og þættir í menningu og hugarfari sem ýmist styðja eða letja.
- d) Hagnýting gagnadrifinna lausna í starfseminni - í fortíð og framtíð.
- e) Áhrif innleiðingar slíkrar tækni á fólk og ferla, vöru- og þjónustuframboð, skipulag og innviði.
- f) Lagaleg og siðferðileg álitamál.
- g) Auk annarra viðfangsefna sem óskað er eftir að verði fjallað um.

3. Stöðumat og kortlagning:

Unnið úr viðtölum og öðrum upplýsingum sem málið varðar. Komist að kjarna málsins. Stöðumat, tækifæri, áskoranir og úrbótaverkefni kortlögð í samstarfi við stýrihóp. Mat á mögulegum ávinningi og kostnaði. 2-3 þróunarverkefni (proof of concept) valin og útfærð.

4. Stefna og aðgerðaáætlun:

Niðurstöður tengdar við straua og stefnur á sviði gagnavísinda og gervigreindar og settar fram í stefnu og aðgerðaáætlun. Hér er unnið í nánu samráði við stýrihóp. Stefna og aðgerðaáætlun vegna hagnýtingar gagna og gervigreindar er að lokum kynnt fyrir stjórnendum og öðrum sem málið varðar.

ÞÁTTTAKENDUR

Tengiliður / stýrihópur með tengingu við framkvæmdastjórn sem aðstoðar við undirbúning, úrvinnslu og gerð stefnu og aðgerðaáætlunar.

Starfsmenn sem hafa eða munu hafa aðkomu að hagnýtingu gervigreindarlausna - frá viðskiptahlíð og tæknihlíð, 1-2 frá hverju sviði. Gera má ráð fyrir að sérhver þátttakandi verji um 2-3 tímum í verkefnið.

RÁÐGJAFI DATALAB

Brynjólfur Borgar Jónsson hjá DataLab Ísland kemur að öllum verkþáttum.

Brynjólfur Borgar Jónsson er stofnandi tækni- og ráðgjafarfyrtækisins DataLab Ísland sem sérhæfir sig í þróun og innleiðingu gagnadrifinna lausna í starfsemi íslenskra fyrirtækja og stofnana og leiðir þau inn í gagnadrifna framtíð. Brynjólfur er með MS í tölfræði og aðgerðarannsóknnum og BA í sálfræði. Hann hefur rúmlega tveggja áratuga reynslu af þróun gagnadrifinna lausna og ráðgjöf á því sviði á Íslandi og í Englandi, sem starfsmaður m.a. hjá Marel og Landsbankanum og sem ráðgjafi m.a. hjá tryggingafélögum, fjarskiptafyrirtækjum, fjölmiðlum, verslunum, olíufélögum, iðnfyrirtækjum, opinberum stofnunum, veitingastöðum og flugfélögum. Brynjólfur talar oft og mikið um gagnavísindi og gervigreind í fjölmiðlum, á ráðstefnum, mannamótum og vinnustöðum.

Hægt er að nálgast skrif hans um efnið á medium.com/@binniborgar.

Aðrir ráðgjafar verða kallaðir til eftir þörfum og aðeins í samráði við verkkaupa.

FRÆÐSLA



SAMTÖL



STÖÐUMAT OG
KORTLAGNING



STEFNA OG
AÐGERÐAÁÆTLUN



TÍMAÁÆTLUN

Vinnsla verkefnisins tekur um tvo mánuði og lýkur með kynningu og afhendingu stefnu og aðgerðaáætlunar.

GJALD OG NÁNARI UPPLÝSINGAR

Gjald fyrir vinnslu verkefnisins er 1.950.000 kr. án vsk.

UM DATALAB

DataLab er tækni- og ráðgjafarfirmi stofnað árið 2016. Sérfræðingar DataLab þróa gagnadrifnar og snjallar lausnir og leiða íslensk fyrirtæki og stofnanir inn í gagnadrifna framtíð. DataLab hefur þróað fjölbreyttar lausnir og sinnt ráðgjöf hjá íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Lausnir DataLab eiga það sameiginlegt að hagnýta gögn aðferðir úr smíðju gagnavísinda og gervigreindar. Ráðgjöf fyrirtækisins snýr að stefnumótun, fræðslu og leiðsögn vegna hagnýtingar slíkra lausna.

Nánari upplýsingar veitir Brynjólfur Borgar hjá DataLab
binniborgar@datalab.is
693 0100

DATALAB.IS

